

boenda
FERÐIR

BRASILÍA & ARGENTÍNA



4. – 19. október 2025

Fararstjórn: Aðalheiður Jónsdóttir

Sérferð

Ferðalýsing

Það er draumi líkast að ferðast til Brasilíu og Argentínu. Þessi ævintýraferð er blanda af stórfenglegri náttúru, mikilfenglegum fossum og tveimur af fallegustu borgum veraldar. **Buenos Aires** er fyrsti áfangastaðurinn en þar svífur andi sögunnar yfir vötnum. Við skoðum Casa Rosada, þar sem Eva Perón, betur þekkt sem Evita, talaði til tryggra stuðningsmanna sinna. Við förum á **tangósýningu** í þessum heimabæ dansins sem með sinni fágúðu blöndu af drama, glæsileika og munúð hefur heillað fólk allt frá 19. öld. Skemmtileg sigling á **fljótabáti** um óshólma fljótsins **Paraná** bíður okkar auk spennandi dagsferðar til bæjarins **Colonia del Sacramento** í Úrúgvæ. Í **Iguazú þjóðgarðinum** upplifum við eitt stórbrotnasta landslag veraldar með breiðasta fossi jarðar ásamt hinum stórfenglega fossi Garganta del Diablo eða Gini djöfulsins. Í **Rio de Janeiro** skoðum við eitt af sjö nýju undrum veraldar, hina þekktu **Kristsstyttu**, ásamt því að fara með kláfi upp á **Sykurtoppinn** sem er eitt helsta kennileiti Rio. Borgin er afar falleg og iðar af lífi en einnig verður farið í dagsferð til keisaraborgarinnar **Petrópolis**. Hér er um að ræða ógleymanlega ferð sem skilur eftir ljúfar og litskrúðugar minningar.



4. október | Brottför frá Keflavík

Brottför frá Keflavík kl. 14:20 og landing í Frankfurt kl. 19:50 að staðartíma. Þaðan verður flogið til Buenos Aires í næturflugi, brottför kl. 21:40 og landing í Buenos Aires kl. 6:25 að staðartíma þann 5 október. Næturflugið tekur um 13 klst. og 50 mín.

5. október | Landing í Buenos Aires

Eftir landingu í Buenos Aires að morgni verður haldið á hótelið þar sem gefst tækifæri til að hvíla sig eftir langt flug. Eftir hvíldina mun argentínska ævintýrið okkar hefjast fyrir alvöru þegar við leggjum af stað í stutta skoðunarferð um Buenos Aires og á næstu dögum heimsækjum við marga af merkustu stöðum borgarinnar. Í skoðunarferð dagsins heimsækjum við Recoleta og Palermo hverfin. Recoleta er eitt af fínna



hverfum borgarinnar með glæsilegum húsum byggðum í frönskum stíl og þar búa margir af vel stæðari íbúum Buenos Aires. Í Recoleta kirkjugarðinum er að finna grafreiti allra helstu fyrirmanna borgarinnar, þar á meðal Evitu Peron sem liggur í fjölskyldugrafreitnum. Rétt norðan við Recoleta er Palermo, stærsta hverfi Buenos Aires, og munum við leggja leið okkar þangað áður en við snæðum sameiginlegan kvöldverð í Buenos Aires. Gist á hóteli í Buenos Aires í sex nætur.

✓ Kvöldmatur

6. október | Skoðunarferð um Buenos Aires



Við snæðum morgunverð á hótelinu og höldum síðan í skoðunarferð um borgina þar sem við upplifum skemmtilegan fjölbreytileika. Í miðbænum sjáum við Obelisk minnisvarðann og Colón leikhúsið sem er heimsþekkt fyrir einstaklega fagan hljómburð sinn. Það er sérstök upplifun að heimsækja torgið Plaza de Mayo sem er vettvangur afar

þýðingarmikilla atburða í sögu Argentínu. Við enda torgsins stendur forsetahöllin sem kölluð hefur verið Casa Rosada eða *Ljósrauða húsið*. Það var einmitt frá svölum Casa Rosada sem Eva Perón, betur þekkt sem Evita, talaði til tryggra stuðningsmanna sinna meðal margra af fátækustu íbúa landsins. La Boca hverfið verður heimsótt en það er undir sterkum áhrifum ítalskra innflytjenda sem hugðust freista gæfunnar í argentínsku höfuðborginni á 19. öld. Í þessum

borgarhluta heldur íþróttafélagið Boca Juniors til og fjöldinn allur af framúrskarandi knattspyrnumönnum hafi spilað fyrir félagið í gegnum árin, knattspyrnuhetjan Diego Maradona er þeirra þekktastur. Við leggjum leið okkar í San Telmo sem er með elstu hverfum Buenos Aires og heimsækjum auk þess eitt nútímalegasta hverfi Buenos Aires, Puerto Madero. Hádegisverður snæddur í borginni og að skoðunarferð lokinni eigum við frjálstan tíma til að skoða okkur um á eigin vegum eða taka það rólega.

- ✓ Morgunmatur
- ✓ Hádegismatur

7. október | Óshólmar fljótsins Paraná – Tigre



Í dag ökum við frá Buenos Aires til bæjarins Tigre þar sem skemmtileg sigling bíður okkar. Á leið okkar út úr Buenos Aires förum við í gegnum glæsileg úthverfi í norðurhluta borgarinnar. Í Tigre stígum við um borð í bát sem siglir með okkur um óshólma Paraná. Paraná fljótið er næstlengsta fljót Suður-Ameríku (á eftir Amazon fljótinu) og er upptök þess að finna í Brasilíu. Hér má sjá hundruð eyja með

þéttum hitabeltisgróðri sem eru hluti af einstöku vistkerfi svæðisins. Eftir notalega siglingu ökum við til baka til Buenos Aires þar sem við njótum tangósýningar og kvöldverðar á einu af veitingahúsum borgarinnar.

- ✓ Morgunmatur
- ✓ Kvöldmatur

8. október | Colonia del Sacramento í Úrúgvæ

Eftir morgunverð á hótelinu liggur leið okkar með ferju eftir ánni Rio de la Plata til eins elsta bæjar í Úrúgvæ, Colonia del Sacramento. Bærinn er á heimsminjaskrá UNESCO en tilheyrði fyrst í stað Spáni en síðar Portúgal og því er byggingarstíll bæjarins undir



áhrifum beggja landa. Við förum í skoðunarferð um bæinn og borðum hádegisverð þar. Um eftirmiðdaginn tökum við ferjuna aftur til Buenos Aires.

- ✓ Morgunmatur
- ✓ Hádegismatur


9. október | Frjáls dagur í Buenos Aires



Í dag er frjáls dagur í Buenos Aires og upplagt að skoða sig betur um í þessari fallegu borg. Áhugasamir geta t.d. heimsótt safn Evu Perón sem geymir margt áhugaverðra muna sem tengjast þessari þekktu kjarnakonu.

- ✓ Morgunmatur

10. október | Frjáls dagur í Buenos Aires



Við höldum áfram að njóta lífsins í Buenos Aires á eigin vegum en fararstjórinn er að sjálfsgöðu alltaf til taks fyrir hópinn.

- ✓ Morgunmatur

11. október | Iguazú Þjóðgarðurinn – Argentínu megin



Við höldum út á flugvöll um morguninn þaðan sem við fljúgum til Puerto Iguazú. Við heimsækjum Iguazú Þjóðgarðinn, Argentínu megin við Iguazú fossanna. Í Þjóðgarðinum má sjá litrík fiðrildi og fugla flögra um á milli stórra trjána, vínvíðarins og burknanna, en öll eru þau hluti af fjölbreyttu gróður- og dýralífi garðsins. Garðurinn varð hluti af heimsminjaskrá UNESCO árið 1984 vegna fegurðar sinnar og líffræðilegs

fjölbreytileika. Þjóðgarðinum tilheyrir um 200 fossar sem eru allt að 80 metrar á hæð og mynda það sem kallað hefur verið einu nafni Iguazú fossar. Við hefjum heimsóknina í gestastofunni en höldum þaðan í gönguferð um Þjóðgarðinn með útsýni yfir stórkostlega fossana. Farið verður með lítilli lest langleiðina upp að Garganta del Diablo eða Gini djöfulsins og gengin um 1 km löng leið eftir göngubrúum út að fossinum þar sem þú upplifir gríðarlegan kraft hans. Hádegisverður snæddur í Þjóðgarðinum. Gist á hóteli í Iguazú í tvær nætur.

- ✓ Morgunmatur
- ✓ Hádegismatur

12. október | Iguazú þjóðgarðurinn – Brasilíu megin

Um morguninn verður farið í skoðunarferð Brasilíu megin þjóðgarðsins. Undursamleg fegurð og fjölbreytt lífríki tekur á móti okkur þegar komið er inn í garðinn og er um að gera að njóta umhverfisins á meðan á göngunni stendur. Þar sem stærsti hluti fossanna er Argentínu megin þjóðgarðsins, þá er einungis einn göngustígur hér, um 1 km langur. Frá honum höfum við stórkostlegt útsýni yfir fossa beggja landa. Við enda göngustígsins er lyfta en úr henni er frábært útsýni yfir brasilíska hluta þjóðgarðsins og Floreano fossinn. Um kvöldið snæðum við saman kvöldverð í Iguazú.



- ✓ Morgunmatur
- ✓ Kvöldmatur

13. október | Flug til Rio de Janeiro



Fyrri part dagsins eigum við frjálstan tíma í Iguazú en svo verður haldið út á flugvöll og flogið til Rio de Janeiro kl. 18:45. Þessi stórfenglega borg stendur við Atlantshafið á austurströnd Brasilíu og setur iðandi líf og glaðværð íbúanna svip sinn á hana. Borgin státar af fallegri, náttúrulegri höfn, umlukin grænum, skógi vöxnum klettum, stóru hafi og löngum ströndum. Gist verður á hóteli í

Rio de Janeiro í fimm nætur.

- ✓ Morgunmatur

14. október | Kristsstyttan

Eftir morgunverð ökum við í áttina að Corcovado fjalli. Þar er að finna hina frægu Kristsstyttu sem stendur í um 710 metra hæð yfir sjávarmáli og var árið 2007 valin ein af sjö nýju undrum veraldar. Við förum á jeppum upp á fjallið og njótum stórbrotins útsýnis yfir Rio de Janeiro. Seinni part dagsins gefst frjálstími í Rio de Janeiro.



- ✓ Morgunmatur

15. október | Sykurtoppurinn



Í dag skoðum við Sykurtoppinn eða Sugar Loaf Mountain sem er eitt helsta kennileiti Rio de Janeiro. Farið verður með kláfi upp á hina 215 m háu Urca hæð áður en annar kláfur er tekinn upp á Sykurtoppinn sem er í 395 m hæð yfir sjávarmáli. Í heiðskýru veðri er frábært útsýni til allra átta frá Sykurtoppunum en þaðan má sjá stóran hluta Rio de Janeiro, m.a. Copacabana ströndina, Corcovado fjallið og miðbæinn. Eftir

ferðina á Sykurtoppinn verður farið í skoðunarferð um borgina og merkustu staðir hennar heimsóttir.

- ✓ Morgunmatur
- ✓ Hádegismatur

16. október | Dagsferð til Petrópolis

Að loknum morgunverði höldum við í dagsferð til borgarinnar Petrópolis sem einnig er nefnd Keisaraborgin en hún ber nafn síðasta keisara Brasilíu, Pedro II, honum til heiðurs. Borgin var sumardvalarstaður keisara og aristókrata Brasilíu á 19. öld og varð fyrsta höfuðborg Rio de Janeiro fylkisins í sjálfstæðisbaráttu Brasilíu. Hér skoðum við borgina og fræðumst um sögu hennar og lítum á merkilegar byggingar. Snæðum saman hádegisverð og höldum aftur til Rio þegar við höfum skoðað nægju okkar. Kvöldið er frjálst.



- ✓ Morgunmatur
- ✓ Hádegismatur

17. október | Frjáls dagur í Rio de Janeiro

Í dag eigum við frjálsan dag í þessari litríku borg. Hægt er að fara í gönguferð eftir Copacabana eða Ipanema ströndunum, heimsækja eitt af strandkaffihúsum borgarinnar eða kíkja í verslanir. Um kvöldið snæðum við sameiginlegan kveðjukvöldverð í borginni.



- ✓ Morgunmatur
- ✓ Kvöldmatur

18. október | Heimferðardagur



Nú er runninn upp síðasti dagurinn okkar í Rio. Flogið verður í næturflugi til Frankfurt kl. 16:15 og lent þar kl. 8:35 að staðartíma þann 19. október. Flugði tekur um 11 klukkustundir og 55 mínútur.

✓ Morgunmatur

19. október | Flug til Íslands

Brottför frá Frankfurt kl. 21:50 að staðartíma og áætluð landing í Keflavík kl. 23:35 að staðartíma.

Fararstjóri getur fært dagskrárliði á milli daga eftir þörfum þegar komið er á staðinn.

Verð 999.900 kr. á mann í tvíbýli | 178.500 kr. aukagjald fyrir einbýli.

Innifalið

- ✓ Áætlunarflug með Lufthansa: Keflavík – Frankfurt – Buenos Aires.
- ✓ Innanlandsflug: Buenos Aires - Iguazú – Rio de Janeiro.
- ✓ Áætlunarflug með Lufthansa: Rio de Janeiro – Frankfurt – Keflavík.
- ✓ Flugvallarskattar fyrir alla ferðina.
- ✓ Akstur til og frá flugvelli í Buenos Aires, Iguazú og Rio de Janeiro.
- ✓ Allar rútuferðir samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Allar skoðunarferðir og aðgangseyrir samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Gisting í 13 nætur í tveggja manna herbergjum á 4* hótélum samkvæmt landsmælikvarða.
- ✓ Sjá í ferðalýsingu hvaða máltíðir eru innifaldar.
- ✓ Staðarleiðsögn.
- ✓ Íslensk fararstjórn.
- ✓ Undirbúningsfundur með fararstjóra fyrir ferð.



Ekki innifalið

- ✓ Þjóf fé fyrir erlendan staðarleiðsögumann og rútabílstjóra.
- ✓ Aðrar máltíðir en þær sem taldar eru upp í ferðalýsingu.
- ✓ Forfalla- og ferðatryggingar.